

## Skólaftefna í Vogum

Í Vogum eru um 1200 íbúar, þar er heildstæður grunnskóli, fjögurra deilda leikskóli, frístundaskóli og íþróttá- og félagsmiðstöð. Í sveitarfélaginu eru um 370 börn og ungmenni 18 ára og yngri.

Ákveðið var að vinna skólaftefnuna í samráði við bæjarbúa, skipa verkefnisstjórn. Hún vann með samráðshóp sem í sátu fulltrúar nemenda, foreldra og starfsmanna.

Hefðbundnir fundir samráðshóps voru á þessa leið

- a) kynning á fyrri fundum 5 min
- b) kynning á efni fundarins 10 min
- c) hugarflug 60 min
- d) samantekt fundar 10 min
- e) næsti fundur ákveðinn 5 min

Á milli funda vann verkefnisstjórn úr hugarflugi og mótaði stefnuna. Verkefnisstjórn gerði verkefnisáætlun. Fundir hennar voru 60 mínútur og ekkert fram yfir það. Það lá ávallt fyrir hvert viðfangsefnið yrði. Fundargerðir fastmótaðar, í lok fundar var ákveðið hvert viðfangsefnið yrði á næsta fundi og þá horft á verkefnisáætlun.

### Verkefnisstjórn:

Í verkefnisstjórn voru þrjár, tveir fulltrúar bæjarstjórnar og bæjarstjóri, bæjarritari var verkefnisstjóri. Fulltrúar bæjarstjórnar fengu greitt fyrir fundi verkefnisstjórnar, aðrir ekki. Fundir voru haldnir í húsakynnum bæjarins, boðið var upp á veitingar þegar verkefnisstjórn kynnti lokadrög sem hún lagði fyrir bæjarráð. Leitað var tilboða í prentun og hönnun, prentuð voru 500 eintök.

### Það sem við viljum koma á framfæri er:

Mikilvægt er að bjóða öllum til þátttöku og kynna vel hvað það er sem verið er að fara að gera. Leggja áherslu á að skólaftefna sé eitthvað sem samfélagið búi til ekki bara þeir sem starfa í skólanum.

Vinnuferlið okkar hentaði litlu samfélagi mjög vel en gæti verið flóknara í framkvæmd í stóru sveitarfélagi. Lykilatriði er að sem flestir taki þátt en það er líka það sem er erfiðast - að fá fólk til að taka þátt.

Mikilvægt er að halda útlögðum kostnaði í lágmarki með því að stýring verkefnisins sé hjá starfsmönnum sveitarfélagsins. Það getur verið ágætt að láta tímann vinna með sér. Okkar mat er að stefna er ekki mótuð á einum eða tveimur fundum, það þarf að ræða málin, skiptast á skoðunum, senda drög til umsagnar. Í stuttu máli, það er markmiðið að sem flestir eignu sér stefnuna um leið og hún er mótuð. Sjái orð og hugmyndir frá sér.

Eirný Vals  
Sveitarfélagið Vogar  
Iðndal 2  
190 Vogar

[www.vogar.is](http://www.vogar.is)

s. 440-6200

## Eyðublað fundargerðar

Verkefni:

Fundargerð stýrihóps/verkefnisstjórnar nr.

Dags:	Tími:
-------	-------

Mættir:
Fundarstaður:
Fundargerð ritaði:

Dagskrá:

- 1.
- 2.
- 3.
- 4.
5. Önnur mál
6. Samþykkt fundargerðar

Ákvarðanir/niðurstöður:	Hvenær	Ábyrgð

Næsti fundur:
---------------

Dagskrá: